

Gunnar Hafsteinsson  
Barðaströnd 16  
170 Seltjarnarnes

**2002030001**  
8711; 9310

Reykjavík, 5. apríl 2002  
/ÞFP

**Efni: Vatnsaflsvirkjun, 1,4 MW, í Hrútá, Biskupstungnahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Gunnars Hafsteinssonar og fleiri dags. 26. febrúar 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð bygging vatnsaflsvirkjunar, 1,4 MW, í Hrútá, Biskupstungnahreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 12. mars 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 18. mars 2002 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 20. mars 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 27. mars 2002.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

Samkvæmt göngum framkvæmdaraðila er fyrirhugað að stífla Hrútá um 500 m ofan ósa hennar við Brúará. Gert er ráð fyrir að stíflan verði um 2,5 m á hæð og 25 m löng. Ofan hennar myndist um 5000 m<sup>2</sup> lón en þar af yrðu 3000 m<sup>2</sup> í núverandi farveg en um 2000 m<sup>2</sup> fari yfir gróið land. Frá inntaksstíflunni verði lagt 1100 m langt aðrennsliörör að stöðvarhúsi er verði staðsett um 50 m frá Brúará, upp með læk er rennur í ána, um 1 km neðar en Hrútá fellur í Brúará. Meðalrennsli í Hrútá að sumri sé 6-8 m<sup>3</sup> en verði um 2 m<sup>3</sup> neðan stíflunnar og við það minnki rennsli í Brúará um 15 % á um 1 km kafla. Aðrennsliörörið verði grafið niður og ekki lagður vegur meðfram því. Fram kemur að slóð liggi að fyrirhugaðri rafstöð en styrkja þurfi hana og er gert ráð fyrir að til þess þurfi um 800 m<sup>3</sup> af mól sem taka á úr viðurkenndum námum. Frá rafstöðinni verði lagður jarðstrengur meðfram vegslóðanum (um 2 km) að línu RARIK við Þjóðveg.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla orku fyrir heimamenn og til að selja inn á dreifikerfi

RARIK.

Framkvæmdaraðili telur framkvæmdina falla vel að stefnumörkun stjórnvalda hvað varðar sjálfbæra þróun, s.s. að nýta náttúruauðlindir á þann hátt að það sé í sátt við náttúru og samfélag. Framkvæmdin hafi lítil áhrif á Brúará og umhverfi hennar t.d. sé inntaksstíflan og meðfylgjandi lón utan þess svæðis sem er á Náttúruminjaskrá og vatnsrennsli í Brúará minnki eingöngu á stuttum kafla og ætti það ekki að hafa mikil áhrif á Brúará. Það er því ósk framkvæmdaraðila að framkvæmdin verði ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fram kemur að framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Með tilkynningu framkvæmdaraðila fylgdi álit Biskupstungnahrepps, dags. 14. febrúar 2002, þar sem kemur fram að gerðir hafi verið ljósir skilmálar varðandi frágang og umgengni á virkjunarsvæðinu. Sveitarstjórn telur virkjunina ekki spilla vatnsbúskap árinna og telur ekki efnisleg rök fyrir því að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að ein rúst er skráð á umræddu framkvæmdasvæði, Brekkusel. Rústin er ekki hnitsett en staðsetningin er skammt frá Sellæk nærri enda götuslóða eða á því svæði sem stöðvarhúsið muni rísa. Fornleifavernd ríkisins telur ekki þörf á að ofangreind framkvæmd verði háð mati á umhverfisáhrifum þar sem fornleifaskráning hefur þegar farið fram á svæðinu. Taka þurfi fullt tillit til rústa Brekkusels, vernda þær ef kostur er, en rannsaka þær að öðrum kosti skv. nánari ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að rústir Brekkusels séu um 400 - 500 m frá fyrirhuguðu stöðvarhúsi og því ekki í hættu vegna framkvæmdarinnar og að tekið verði fullt tillit til þeirra fornleifa sem kunna að vera á svæðinu.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að stofnunin hafi áður fengið framangreinda virkjun til umsagnar oft en einu sinni og að ávallt hafi verið lagst gegn henni vegna sérstöðu Hrútár og Brúarár sem lindáa. Umrædd virkjun sé lítil en á móti komi að ekki hafi verið hægt að benda á aðrar ár sem hafa einkenni Hrútár en hún komi undan Úthlíðarhrauni í miklum lindum og renni tiltölulega óröskuð í Brúará sem er á Náttúruminjaskrá nr. 739. Bent er á að mjög takmarkaðar upplýsingar séu í tilkynningu framkvæmdaraðila t.d. sé ekkert fjallað um fisk í ánum og hvaða afleiðingar virkjunin mun geta haft á hann. Fram kemur að Náttúruvernd ríkisins hafi fyrst og fremst lagst gegn umræddri virkjun vegna mikilla áhrifa, í ljósi sérstöðu ána, sem lítil virkjun muni hafa á einstakt vatnafar og landslag sem í þessu tilfelli sé órjúfanleg heild. Við bætist hugsanleg áhrif á fiskistofna, gróður o.fl., en nákvæmar upplýsingar skorti. Einnig skorti upplýsingar um áhrif á útivist og um samfélagsleg áhrif almennt sem í þessu tilfelli verði að skoða sérstaklega m.t.t. þess að framkvæmdin er ekki stór í sniðum en á sérstöku svæði.

Ljóst sé að hlutfallslegur kostnaður við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar geti verið mikill vegna smæðar virkjunarinnar. Að sama skapi sé líklegt og hafi það verið mat Náttúruvernar ríkisins, að þrátt fyrir smæð muni virkjunin hafa töluverð áhrif í ljósi sérstöðu

framkvæmdasvæðisins og áhrifa á það. Með mati á umhverfisáhrifum gefist almenningi einnig tækifæri til að koma að málinu en umrætt svæði sé mikið útivistarsvæði og geti ólþfir hagsmunir stangast þar á. Náttúruvernd ríkisins telur því heppilegast að virkjun Hrutár verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi tilhögun framkvæmdar er töluvert breytt frá fyrri áformum sem Náttúruvernd ríkisins vísar í að hafa lagst gegn. Meðal annars sé stíflustæði sem nú er fyrirhugað utan þess svæðis sem er á Náttúruminjaskrá og að mati framkvæmdaraðila raski fyrirhuguð framkvæmd ekki sérstöðu Hrutár eða Brúarár þar sem umfang framkvæmdainnar verði lítið. Framkvæmdaraðili er ósammála því að upplýsingar um áhrif á fisk og gróður séu takmarkaðar og bendir á svar veiðimálastjóra varðandi fisk í ánum. Varðandi áhrif á gróður þá fari um 2000 m<sup>2</sup> undir vatn, aðrennslisrörið verði grafið niður á þegar röskuðu svæði og rask við rafstöð verði einnig mjög takmarkað. Þar sem engar merktar gönguleiðir séu á svæðinu, ekki sé gert ráð fyrir að manngengt verði yfir inntaksstíflu og ekki lagður vegslóði að henni, breytist ekki aðgengi að svæðinu og því sé ekki tilefni til þess að fara í sérstaka umfjöllun um áhrif á útivist. Ekki heldur samfélagsleg áhrif almennt, önnur en þau sem minnst var á og tengjast vilja landeigenda til að nýta þau hlunnindi sem felast í að nýta vatnsaflíð í sátt við náttúruna. Bent er á að við vinnslu aðalskipulags fyrir Biskupstungnahrepp árið 2001 hafi almenningi gefist kostur á að gera athugasemdir en engar athugasemdir voru gerðar varðandi fyrirhugaða virkjun. Varðandi ákvæði vatnalaga þá sé ekki verið að breyta farvegi heldur taka vatn úr farvegi og leiða það aftur í hann um 1 km neðar. Árnar muni því eftir sem áður renna um sinn forna farveg. Fyrirhugaðar framkvæmdir séu utan við upptakasvæði Hrutár og Brúarár og framkvæmdin verði ekki, nema að litlum hluta (s.s. rafstöð) innan svæðis á Náttúruminjaskrá. Því standi upptakasvæði Brúarár eftir sem áður óraskað og verði þar með ekki hreyft við sérstöðu þessa svæðis.

Veiðimálastjóri bendir á að engin teljandi veiði sé í Hrutá og ekki fiskgengt í ána úr Brúará. Nokkur veiðihlunnindi séu í Brúará, einkum bleikjuveiði, en ljóst sé að þessi hlunnindi skerðast ekki þótt einhver minnkun verði á rennsli Brúarár á 1 kílómeters kafla. Í ljósi þessarar upplýsinga og með vísan til fyrri afgreiðslu varðandi virkjun Botnsár í Súgandafirði telur veiðimálastjóri ekki nauðsynlegt að umrædd framkvæmd verði háð mati á umhverfisáhrifum. Hún sé hins vegar ótvírætt háð ákvæðum 41.- 43. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum varðandi stíflun á veiðivatni, vatnsveitur og aðrar framkvæmdir við ár og vötn.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann muni taka fullt tillit til laga um lax- og silungsveiði.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012, staðfest 22. nóvember 2001 og er það álit Skipulagsstofnunar að vinna þurfi deiliskipulag af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á grundvelli þess.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða 1,4 MW virkjun í Hrutá í Biskupstungum. Gert er ráð fyrir að stíflan verði um

2,5 m á hæð og 25 m löng. Ofan hennar myndist um 5000 m<sup>2</sup> lón en þar af 3000 m<sup>2</sup> í núverandi farveg en um 2000 m<sup>2</sup> fari yfir gróið land. Frá inntaksstíflunni verði lagt 1100 m langt, niðurgrafið aðrennslisrör að stöðvarhúsi er verði staðsett um 50 m frá Brúará, um 1 km neðar en Hrúta fellur í Brúará. Meðalrennsli í Hrúta að sumri sé 6-8 m<sup>3</sup>/sek en verði um 2 m<sup>3</sup>/sek neðan stíflunnar og við það minnki rennsli í Brúará um 15 % á um 1 km kafla. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umsagnir Biskupstungnahrepps, Fornleifaverndar ríkisins og veiðimálastjóra eru þess efnis að fyrirhuguð framkvæmd komi ekki til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Náttúruvernd ríkisins telur heppilegast að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum þar sem að þrátt fyrir smæð muni virkjunin hafa töluverð áhrif í ljósi sérstöðu framkvæmdasvæðisins. Virkjun muni hafa áhrif á einstakt vatnafar og landslag sem í þessu tilfelli sé órjúfanleg heild, hugsanlega áhrif á fiskistofna, gróður o.fl., en nákvæmar upplýsingar skorti, þá liggi ekki fyrir upplýsingar um áhrif á útivist eða um samfélagsleg áhrif auk þess að með mati á umhverfisáhrifum gefist almenningi tækifæri til að koma að málinu.

Framkvæmdin sem hér um ræðir er ekki stór í sniðum eða umfangsmikil og hefur ekki sammagnandi áhrif með öðrum framkvæmdum. Framkvæmdin veldur ekki úrgangsmýndun eða mengun og ekki hefur verið sýnt fram á að hún kunni að valda slyshættu. Mannvirki ofanjarðar verður hægt að fjarlægja og færa vatnsrennsli til fyrra horfs en ekki kemur fram hvers konar gróðurhverfi megi búast við, í kjölfar þess, í lónstæðinu þar sem gróður var fyrir.

Framkvæmdin er í samræmi við staðfest aðalskipulag frá árinu 2001. Hún er að hluta til staðsett á svæði sem er á Náttúruminjaskrá það er Brúará og Brúarárskörð. Nær það yfir Brúará frá upptökum í Brúarárskörðum og niður að ármótum við Hvíta ásamt 200 m breiðri spildu beggja vegna árinna. Sérkenni Brúarár skv. Náttúruminjaskrá felast í því að hún er lindá og með óvenjulegum fossum, fjölskrúðugum gróðri og dýralífi og tilkomumiklu landslagi í Brúarárskörðum. Framkvæmdin hefur ekki bein áhrif á Brúará, raskar ekki bökkum hennar, lindaáreinkennum eða fossum, en hefur óbein áhrif á þann hátt að á um 1 km kafla minnkar rennsli í henni um 15%. Ljóst er að framkvæmdin mun hafa áhrif á gróður á a.m.k. 2000 m<sup>2</sup> svæði er fer undir vatn en það er utan þess svæðis sem er á Náttúruminjaskrá en innan þess svæðis verður skerðing á gróðri ekki umtalsverð. Framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á bleikjuveiði í Brúará en ekki er fiskgengt úr Brúará upp í Hrúta og lítil veiði í Hrúta. Ekki hefur verið sýnt fram á hættu á að framkvæmdin hafi umtalsverð áhrif á fuglalíf. Framkvæmdin hefur ekki áhrif á landslag í Brúarárskörðum.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að 1,4 MW vatnsaflsvirkjun í Hrúta í Biskupstungum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi Biskupstungnahrepps og starfsleyfi og leyfi veiðimálastjóra.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. maí 2002.

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Biskupstungahreppur, Fornleifavernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri.